

⑦

LEIGUSAMNINGUR

Á grundvelli átaks um ræktun landgræðsluskóga gera

Skógræktarfélag Íslands, kt. 600269-3809, Ránargötu 18, Reykjavík, í samningi þessum nefndur leigutaki og

~~Akraneskaupstaður~~ kt. 410169-4449, Kirkjubraut 28, Akranesi, í samningi þessum nefndur leigusali, með sér eftirfarandi samning um leigu á landspildu til ræktunar landgræðsluskóga úr landi Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka 36 ha land Akraneskaupstaðar í hlíðum Akrafjalls.

Mörk landspildunnar eru:

- að sunnan landamerkjagirðing við Ytra-Hólm;
- að vestan girðing og skurður neðan Brekku;
- að norðan landamerkjagirðing við Ós;
- að austan girðing í skriðunum.

2. gr.

Landspildan er leigð til 75 ára frá undirskrift samningsins. Áð þeim tíma liðnum skal leigutaki hafa forleigurétt að landspildunni, verði hún áfram leigð til sömu nota, enda náist samkomulag um leiguskiðmála og leigukjör, en að öðrum kosti fellur landspildan aftur til leigusala.

3. gr.

Landspildan er leigð leigutaka til ræktunar landgræðsluskóga og skal öll umsjón og ræktun á landspildunni vera í höndum leigutaka. Skal leigutaki hafa þar-nyttjar sem á skógræktinni kunna að fást á leigutímanum, enda sé fylgt fyrirmælum skógræktarlaga um meðferð landsins.

Með landgræðsluskógi er í samningi þessum átt við skóg sem ræktaður er á örfoka, ógrónu, lítt eða hálf grónu landi.

4. gr.

Leigusali afhendi hið leigða land girt fulnægjandi girðingu gagnvart ágangi búfjár, nema um annað sé mjst.

Leigusali annist einnig árlegt viðhald girðinga þannig að búfé nái ekki að skaða gróðursetningar.

Leigutaka er heimilt að leggja nauðsynlega vegi um landspilduna vegna skógræktarinnar (uppgræðslunnar), svo og að reisa nauðsynleg mannvirki sem tengjast henni. Slík mannvirki ber leigutaka að fjarlægja af leigulandinu á sinn kostnað við lok leigutíma.

Við lok leigutíma eða ef samningur þessi fellur úr gildi af öðrum ástæðum, verður girðing og vegur eign leigusala.

Leigutaka er óheimilt að byggja hús á landinu, nema sérstaklega sé um það samið.

5. gr.

Leigutaka ber að haga ræktun á landspildunni þannig, að hluti landsins nýtist ávallt almenningi til útivistar. Þá ber leigutaka að ganga snyrtilega um hið leigða land og fjárlægja rusl og önnur óhreinindi eftir því sem ónnt er. Um umferð gangandi fólks um leigulandið gilda sömu reglur og Skógrækt ríkisins setur um friðuð skóglendi.

6. gr.

Leigutaki skal hafa nauðsynlegan umferðarrétt að landspildunni, eftir nánara samkomulagi við leigusala.

7. gr.

Leigutaki mun annast gróðursetningu trjáa í hið leigða land eftir því sem tekst að afla fjármuna í því skyni. Vanti á að leigutaki geti lagt fram plöntur í þessu skyni, sem teljast viðunandi árleg gróðursetning er leigusala jafnframt heimilt að bæta við gróðursetningar.

8. gr.

Leigutaka er óheimilt að framleigja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9. gr.

Undanskilin leigu eru vatnsorka og hitaréttindi hvers konar, málmar, sand- og malarnám og öll verðmæti í jörðu, svo og nauðsynleg aðstaða til að nýta framangreind verðmæti, sem leigusala er frjálst að nýta hvenær sem er á leigutímanum. Leigutaki á ekki rétt á bótum fyrir jarðrask sem af því leiðir, nema raskað sé eignum hans á landinu. Jafnframt er réttur til lax- og silungsveiða undanskilinn leigu skv. samningi þessum.

10. gr.

Leigusali annast greiðslu fasteignagjalds af hinu leigða landi, nema um annað sé sérstaklega samið eða landspildan verði sérmetin í fasteignamati.

11. gr.

Leigutaki greiðir ekki sérstakt endurgjald fyrir afnot af landspildunni á leigutímanum. Verði hagnaður af nytjum af landspildunni, skal leigutaki greiða leigusala sem svarar 10% af nettóhagnaði.

12. gr.

Skylt er leigusala að friða landspilduna með öllu fyrir hvers konar búfjárbeit.

13. gr.

Rísi ágreiningur um einhver ákvæði þessa samnings, skal þeim ágreiningi skotið til gerðadóms, er hafi bindandi úrskurðarvald. Tilnefnir hvor aðili um sig einn mann í dóminn, en aðilar koma sér saman um oddamann. Náist ekki samkomulag, munu aðilar fara þess áleit við Hæstarétt Íslands, að hann tilnefni oddamann. Afl atkvæða ræður niðurstöðu gerðadómsins. Gerðardómur ákveður kostnað og hver skuli greiða.

14. gr.

Brjóti leigutaki ákvæði samnings þessa, hefur hann fyrirgert afnotum sínum af landinu og fer um eignir hans á landinu eftir ákvæðum 4. gr.

15. gr.

Við lok leigutíma skal leigutaki skila landinu í því ástandi sem það þá er í, eftir að landgræðsluskógurinn hefur verið ræktaður og ber leigusala ekki að greiða leigutaka fyrir það sem land hefur batnað við ræktunina, þar með taldar sjálfsáðar skógarplöntur sem kunna að standa á leigulandinu. Leigusali tekur við landinu við lok samningstímans, með kvöð um áframhaldandi ræktun og friðun lands í samræmi við ákvæði samnings þessa eftir því sem við á.

16. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar samkvæmt Jarðalögum nr. 65/1976 sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984, sbr. 6. og 21. gr. Leigutaki annast um og greiðir kostnað af þinglýsingu samnings þessa.

17. gr.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Af leigusamningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit. Leigusali heldur einu eintaki, leigutaki tveimur og þar af skal annað eintakið ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Eitt eintak skal sent jarðanefnd til vörslu og eitt skal senda landbúnaðarráðuneytinu til vörslu.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness 8. maí 1990:

F. h. Akranessbústaðar:

Þís Akranessbústaðir
AKRANESSBÚSTAÐIR

Reykjavík, 6/11 1990

Leigutaki, f.h. Skógráktarfélags Íslands:

Sulda Ólafsdóttir

Vitundarvottar:

Bragi Sigmundsson 200257-3859
Nafn Kennitala

Umundur Þorvaldur 220948-4559
Nafn Kennitala

Skjal nr. 65511591
Móðir á þinglýsingar 14.10
Tinnir í þinglýsingar —
Þinglýsingar gjöld 600,-
Stimpgjöld 600,-



Sulda Ólafsdóttir
ft.

Skogrekylafélag Akranes

1990-2065

Samningur um bejarskipti
Akranes kaupfélags.

